

Fjarnám fyrir stjórnendur og eigendur verslunar- og þjónustufyrirtækja.

Margir sem starfa við verslun og þjónustu gætu styrkt stöðu sína verulega á vinnumarkaði fengju þeir viðurkenningu á þekkingu sinni og færni. Tækifæri til virkrar faglegrar símenntunar á þessu sviði hafa verið takmörkuð fram að þessu. Verkefnið *Retail Management for Adults in Lifelong Learning (RetAiL)* miðar að því að mæta þessari þörf með því að skapa sveigjanlegt námsframboð sem einstaklingurinn getur lagað að sínum þörfum. Námsefni á sviði verslunar- og þjónustu byggist m. a. á efni sem stofnanirnar sem standa að verkefninu nota nú þegar. Það verður þróað og aðlagað svo það henti til kennslu fullorðinna í fjarnámi.

Námsefninu hefur verið skipt í níu sjálfstæða áfanga og efni þeirra skilgreint út frá þörfum hvers þátttökulands fyrir sig. Áfangarnir eru: Innkaup og sala, hagfræði, fjármál, upplýsingatækni, vinnuréttur, stjórnun 1 og 2, markaðsfræði og sölutækni.

Taka má hvern áfanga sérstaklega en saman mynda þeir heildstæða námsbraut. Kjósi nemendur verður hægt að ljúka námsbrautinni á tveimur árum samhliða starfi.

Gert er ráð fyrir því að væntanlegir nemendur séu fullorðið fólk sem starfað hefur við verslun og þjónustu um nokkurt skeið. Námið krefst sjálfstæðis í vinnubrögðum en einnig er gert ráð fyrir samvinnu nema. Um fjarnám er að ræða og lögð er áhersla á að hafa námsumhverfið sveigjanlegt svo það geti mætt kröfum nemendanna.

Ávinningur af að ljúka náminu er margvíslegur. Þátttakendur styrkja sig í starfi, en læra einnig að líta starf sitt öðrum augum og sjá ný tækifæri. Þetta skilar sér í aukinni starfsánægju sem birtist í ánægðari viðskiptavinum. Nemendur öðlast innsýn í þær kröfur sem gerðar eru til þeirra sem starfa við verslun- og þjónustu í Evrópu og verða þannig hæfari til að sækja um störf á alþjóðlegum markaði.

Námið verður í boði hér á landi frá 1. janúar 2010.

RetAiL-verkefnið er styrkt af Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins um yfirfærsluverkefni. Verzlunarskóli Íslands stýrir verkinu en auk hans standa að því Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, The North Highland College í Thurso í Skotlandi og TAMK-háskólinn í Tampere í Finnlandi.

Allir þátttakendur hafa víðtæka reynslu af kennslu og þróun kennsluefnis, jafnt í hefðbundnu námi sem fjarnámi.

Frekari upplýsingar er að finna á vefslóðinni <http://leoretail.com>